



Borgarráð

Jólagjöf til starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi öllu starfsfólki sínu inneignarkort í formi gjafakorta frá Landsbankanum að verðmæti 10.000 kr. í jólagjöf árið 2022. Heildarkostnaður við jólagjöfina er 121.200.000 kr og færist af liðnum 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

Greinargerð:

Gildi jólagjafa er margbætt. Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk.

Hjá Reykjavíkurborg vinna tæplega tólfþúsund einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Ein af þeim leiðum sem vinnustaðir hafa til þess að sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki er að gefa því jólagjafir. Því er lagt til að borgarráð samþykki að jólagjöf Reykjavíkurborgar árið 2022 til starfsfólks borgarinnar verði inneignarkort í formi gjafakorta frá Landsbankanum að verðmæti kr. 10.000. Útgjöldin rúmast innan fjárheimilda á kostn.stað 09126 Launa- og starfsmannakostnaður

Gleðileg jól

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri